

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn Reykhólahrepps
nr. 685/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar orðast svo:
Sveitarstjórn Reykhólahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í stjórnsýsluhúsinu að Mariutröð 5a, annan miðvikudag í mánuði kl. 16.00.

2. gr.

7. töluliður, A-liðar 39. gr. samþykktarinnar orðast svo:
Almannavarnarnefnd Stranda og Reykhólahrepps. Sveitarstjórn kýs einn aðalmann og einn varamann.

3. gr.

3. töluliður, B-liðar 39. gr. samþykktarinnar orðast svo:
Dreifbýlisnefnd. Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Dreifbýlisnefnd fer m.a. með málefni fjallskila skv. fjallskilasamþykkt fyrir Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur nr. 716/2012.

4. gr.

Við B-lið 39. gr. samþykktarinnar bætast fjórir nýir töluliðir sem verða töluliðir 10, 11, 12 og 13 og eru svohljóðandi:

10. *Stjórn Brunavarna Stranda og Reykhólahrepps.* Framkvæmdastjóri er aðalmaður samkvæmt stofnsamningi. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa til vara.

11. *Fulltrúaráð Vestfjarðastofu.* Sveitarstjórn kýs einn aðalmann og einn til vara.

12. *Stjórn Þörungaklausturs ehf.* Sveitarstjórn kýs einn aðalmann og einn varamann.

13. *Stjórn Þörungamiðstöðvarinnar hf.* Sveitarstjórn kýs einn aðalmann og einn til vara.

5. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 7. júlí 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.